



Fundur Grænfánanefndar Árskógarskóla 19. október 2015 Gunnþór skólastjóri, Lárus og Mildred fulltrúar nemenda, Ragnheiður Ýr fulltrúi foreldra.

Rætt um markmið skólans skólaárið 2015-2016 sem felast í hugtökunum *átthagar, samgöngur og landslag*. Rætt hvernig væri hægt að vinna að þessum hugtökum þannig að allur skólinn, nærsamfélag og foreldrar kæmu að vinnunni. Lagt er til að það verði þemavika um hugtökin þar sem nemendur fara meðal annars á stúfana, skoða fyrirtæki, hitti fólk sem býr í kringum skólann og geri kannanir á samgöngumáta fólks. Nemendur lögðu til að haldin yrði kynning/opið hús á verkefnum og niðurstöðum vinnunnar þegar færi gefst. Fyrsta skrefið er að kynna hugmyndir nefndarinnar á gæðastund í október/nóvember.

Ekki fleira rætt.